

Apríl 2026



Úti- og bæjarhátíðir á Suðurlandi

Greining á skipulagi og
framkvæmd með tillögum
að forvörnum

Útgefandi: Vinnuhópur fyrir Öruggara Suðurland

Úti- og bæjarhátíðir á Suðurlandi. Greining á skipulagi og framkvæmd með tillögum að forvörnum

Apríl 2026

1. Útdráttur 4
2. Markmið hópsins og leiðarljós 5
3. Kortlagning hátíða 7
 - 3.1 Ferill umsókna hjá sýslumanni og skilyrði tækifærisleyfa 8
 - 3.2 Ferill umsagnabeiðna hjá sveitarfélögum 10
 - 3.3 Úttekt á dagskrá helstu útihátíða á Suðurlandi 10
4. Umsagnaraðilar 12
5. Reynolds annarra sveitarfélaga 14
6. Niðurstöður og tillögur 15
 - 6.1 Samstarf og verkaskipting 15
 - 6.2 Aldurstakmörk og aðgengi að áfengi 15
 - 6.3 Fjölskylduvæn nálgun og viðburðir fyrir ungmenni (14–18 ára) 16
 - 6.4 Hlutverk foreldra og samskipti 17
7. Umræður og niðurlag 18

1. Útdráttur

Á fundi framkvæmdateymis Öruggara Suðurlands var samþykkt að skipa sérstakan vinnuhóp um úti- og bæjarhátíðir í umdæmi lögreglustjórans á Suðurlandi. Markmið hópsins var að greina framkvæmd og skipulag hátíða á svæðinu og leggja fram tillögur til að efla öryggi og forvarnir, með sérstakri áherslu á börn og ungmenni. Greining byggði á samráði við lykilaðila og rýni á stærstu hátíðir á árunum 2023–2025. Niðurstöður sýna að hátíðir eru að jafnaði fjölskyldumiðaðar yfir daginn en kvölddagskrá gjarnan miðuð við fullorðna vegna áfengissölu. Upplýsingagjöf um aldurstakmörk og framkvæmd aðgangsstýringar er þó mismunandi og víða óskýr.

Skýrslan undirstrikar mikilvægi formlegs samstarfs sveitarfélaga, viðburðahaldara og viðbragðsaðila, skýrra aldursviðmiða og samræmdra verkferla. Þá er bent á þörf fyrir markvissari viðburði fyrir ungmenni 14–18 ára og öflugri foreldrasamskipti. Lagt er til að mótuð verði sameiginleg viðmið í tengslum við skipulag og forvarnir, auk þess sem sett er fram framtíðarsýn um aukna svæðisbundna samvinnu.

2. Markmið hópsins og leiðarljós

Öruggara Suðurland er samstarfsverkefni lögreglunnar á Suðurlandi, sveitarfélaganna fjórtán á svæðinu og nokkurra stofnana. Markmið verkefnisins er að móta og innleiða aðgerðir til að draga úr ofbeldi og öðrum afbrotum á Suðurlandi, samræma verkferla milli aðila og efla upplýsingagjöf og fræðslu um þau úrræði sem standa til boða. Verkefnið leggur jafnframt áherslu á aukna skilvirkni og markvissa samvinnu samstarfsaðila til að stuðla að öruggara samfélagi.

Á fundi framkvæmdateymis Öruggara Suðurlands þann 4. september 2025 var samþykkt að setja á fót sérstakan vinnuhóp sem hefði það hlutverk að greina skipulag og framkvæmd úti- og bæjarhátíða sem haldnar eru ár hvert í umdæmi lögreglustjórans á Suðurlandi. Markmið vinnuhópsins var að leita leiða til að efla öryggi og forvarnir í tengslum við hátíðirnar, sérstaklega í þágu barna og ungmenna. Sérstök áhersla var lögð á að draga úr áfengis- og vímuefnanotkun ungmenna, sporna við óæskilegri hópamyndun og áhættuhegðun, auk þess að styrkja samræmda nálgun aðila að skipulagi, viðbrögðum og eftirfylgni.

Til að styðja við þessa vinnu var ráðist í markvissa kortlagningu og greiningu á hátíðum á svæðinu, með það að markmiði að leggja fram hagnýtar tillögur að úrbótum á grundvelli niðurstaðna.

Meðlimir spretthópsins:

- Sigþrúður Birta Jónsdóttir, formaður, deildarstjóri velferðarþjónustu í Árborg
- Halla Dröfn Jónsdóttir, félagsráðgjafi MA Fjölbrautarskóla Suðurlands
- Inga Jara Jónsdóttir, teymisstjóri barnaverndar og farsældarþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu
- Sigurbjörg Rut Hoffritz, fulltrúi sýslumannsins á Suðurlandi
- Sigurhanna Björg Hjartardóttir, ráðgjafi barnaverndarþjónustu Hveragerðis

Vinnuhópurinn fundaði þrettán sinnum á tímabilinu, bæði á vinnufundum og samráðsfundum með utanaðkomandi aðilum. Lögð var sérstök áhersla á að afla sjónarmiða þeirra sem koma að skipulagi, framkvæmd og eftirliti með hátíðum, og voru fundargerðir nýttar markvisst við gerð skýrslunnar.

Innan starfshópsins var víðtæk þekking sem nýtt var með því að fela hverjum meðlimi afmörkuð viðfangsefni á sínu sérsviði. Greining vinnunnar byggði á samráði, rýni á fyrirliggjandi gögnum og samanburði á framkvæmd hátíða á árunum 2023–2025. Sérstök áhersla var lögð á aldurstakmark og kynningu þess, aðgangsstýringu, forvarnir og leyfisveitingar.

Í upphafi var haft samband við lykilálitsgjafa og samtöl undirbúin með markvissum spurningum. Umsagnir bárust meðal annars frá: Viðburðahaldara sem kemur að nokkrum hátíðum á Suðurlandi, forstöðumanni félagsmiðstöðva í Árborg, Ungmennaráði Árborgar, Viðbragðsteymi Öruggara Suðurlands sem samanstendur af fulltrúum af öllum svæðum innan Öruggara Suðurlands, forvarnarfulltrúa Árborgar og starfsmanni úr undirbúningshóp Humarhátíðar. Þær spurningar sem lagðar voru til grundvallar voru eftirfarandi:

1. Hver er skoðun umsagnaraðila á því hvernig úti- og bæjarhátíðir hafa gengið fyrir sig, hvað hefur gengið vel og hvað ekki?
2. Er einhver úti- eða bæjarhátíð á svæðinu sem væri sérstaklega hægt að læra af?
3. Hefur gæslan á úti- og bæjarhátíðum á Suðurlandi verið fullnægjandi eða er eitthvað sem má bæta og þá hvar og með hvaða hætti?
4. Telur umsagnaraðili að hægt væri að nýta aðra aðila til gæslu, t.d. björgunarsveitir eða aðra aðila sem starfa með ungmennum?
5. Er til skýrt verklag um það hvernig eigi að aðstoða ungmenni sem þurfa á aðstoð að halda eða eru undir áhrifum áfengis og/eða vímuefna? Ef svo er, eru allir aðilar sem koma að úti- og bæjarhátíðum meðvitaðir um slíkt verklag?
6. Hvernig hafa úti- og bæjarhátíðir verið að tryggja að ungmenni hafi ekki aðgang að áfengi?
7. Hvaða forvarnarverkefni telur umsagnaraðili að hægt væri að nýta í tengslum við úti- og bæjarhátíðir?
8. Hver er sýn umsagnaraðila á aldurstakmörk á úti- og bæjarhátíðum.
9. Hvaða helstu áhættuþættir fylgja þátttöku ungmenna á þessum hátíðum?
10. Telur umsagnaraðili vera nægt samstarf á milli foreldra, skóla og annarra aðila yfir sumartímann?
11. Hvað telur umsagnaraðili að hægt væri að gera á úti- og bæjarhátíðum fyrir ungmenni á aldrinum 14 til 18 ára?

12. Telur umsagnaraðili að rödd ungmenna sé hluti af skipulagsferli úti- og bæjarhátíðanna og þá hvernig?
13. Er samstarf á milli forvarnarfulltrúa á Suðurlandi?

3. Kortlagning hátíða

Í umdæmi Sýslumannsins á Suðurlandi er haldin fjöldi viðburða ár hvert. Við gerð þessarar skýrslu voru stærstu hátíðir rýndar út frá tímasetningu, gestafjölda, áfengissölu og markhópi, þ.e. aldri þeirra sem áætlað var að myndu sækja hátíðina. Rýndar voru stærstu hátíðir á árunum 2023 til 2025 en mismunandi hátíðir eru haldnar ár hvert og því ekki sömu hátíðir í töflum milli ára.

2023 - Hátíðir

Hátíð	Tímasetning	Aldursviðmið	Áætlaður gestafjöldi	Áfengisveitingar
Sumar á Selfossi	10.-13. ágúst	5-90	990	Já
Töðugjöld	19.-20. ágúst	18-90	450	Já
Humarhátíð ball	25. júní	20-70	400	Já
Kótiletan	6.-9. júlí	18-70	4.000	Já
Humarhátíð	22.-25. júní	0-100	2.000	Já
Kjötsúpuhátíð	25.-27. ágúst	0-100	1.500	Já
Flúðir um versló	3.-7. ágúst	18-99	320	Já
Allt í blóma	30. júní - 2. júlí	18-65	400	Já
Blómstrandir dagar	17.-20. ágúst	18-90	3.000	Já
Blómstrandir dagar ball	19. ágúst	18-75	500	Já
Hamingja við hafið	11.-13. ágúst	0-99	500	Já
Kotmót Hvítasunnukirkjunnar	3.-7. ágúst	0-99	1.200	Nei

2024 - Hátíðir

Hátíð	Tímasetning	Aldursviðmið	Áætlaður gestafjöldi	Áfengisveitingar
Töðugjöld	17. ágú	0-100	1000	Já
Upp í sveit	14.-17. júní	20-80	50	Nei
Humarhátíð ball	29. jún	18-70	550	Já
Kótiletan	11.-14. júlí	18-70	4500	Já
Humarhátíð	27.-30. júní	0-100	2000	Já
Kjötsúpuhátíð	29. ágúst - 1. sept	0-90	3000	Já
Flúðir um versló	1.-8. ágúst	18-99	5000	Já
Allt í blóma	5.-7. júlí	18-75	400	Já
Blómstrandir dagar ball	17. ágú	18-60	350	Já
Hamingja við hafið	6.-11. ágúst	0-99	2000	Já
Kotmót Hvítasunnukirkjunnar	1.-5. ágúst	0-99	1200	Nei
Pingvallahátíð	15.-16. júní	0-99	5000	Já
Ungmennaball á Humarhátíð	1. jún	13-20	200	Nei
Bubba	5.-7. júlí	16-21	325	Nei
Landsmót skáta	12.-19. júlí	0-99	2500	Nei
Rokkveisla Radda	15.-16. ágúst	14-99	350	Já

2025 - Hátíðir

Hátíð	Tímasetning	Aldursviðmið	Áætlaður gestafjöldi	Áfengisveitingar
Sumar á Selfossi	7.-10. ágúst	5-99	990	Já
Töðugjöld	16. ágúst	0-100	1.000	Já
Upp í sveit	14.-15. júní	0-100	200	Nei
Humarhátíð ball	28. júní	18-67	600	Já
Kótlettan	10.-13. júlí	18-70	5.000	Já
Humarhátíð	26.-29. júní	0-100	2.000	Já
Kjötsúpuhátíð	28.-31. ágúst	5-90	1.500	Já
Flúðir um versló	31. júlí - 5. ágúst	0-99	5.000	Já
Allt í blóma	4.-6. júlí	18-65	500	Já
Graffill - Félagasamtök	19. júlí	15-25	300	Nei
Blómstrandir dagar	14.-17. ágúst	1-90	4.000	Nei
Blómstrandir dagar ball	16. ágúst	20-60	500	Já
Hamingja við hafíð	8.-10. ágúst	18-70	800	Já
Kotmót Hvítasunnukirkjunnar	31. júlí - 4. ágúst	0-99	1.300	Nei
Njáluhátíð	21.-23. ágúst	15-99	2.000	Já

Hátíðir á svæðinu eru mismunandi að stærð og umfangi og aldursviðmið eru jafnframt ólík milli viðburða. Flestar hátíðir eiga það þó sameiginlegt að vera fjölskyldumiðaðar yfir daginn, en að kvöldi til eru gjarnan viðburðir þar sem áfengi er til sölu. Í sumum tilvikum kemur fram í dagskrá að aldurstakmark, svo sem 18 eða 20 ár, gildi fyrir aðgang að tilteknum svæðum eða tjöldum. Gestafjöldi spannar allt frá um 200 upp í allt að 5.000 manns og almennt má greina ákveðna fylgni milli stærðar hátíðar og íbúafjölda viðkomandi sveitarfélags. Undantekning frá því er hátíðin á Flúðum um verslunarmannahelgi, þar sem gestafjöldi fer verulega fram úr íbúafjölda svæðisins. Kótlettan á Selfossi er stærsta hátíðin á svæðinu, bæði hvað varðar gestafjölda og umfang dagskrár. Aðrar stórar hátíðir eru meðal annars hátíðin á Flúðum um verslunarmannahelgi og Blómstrandir dagar. Hátíðir sem ekki hefur verið sótt um tækifærisleyfi fyrir eru ekki teknar með í þessari samantekt. Sýslumaður veitir leyfi samkvæmt umsókn, en eftirfylgni með framkvæmd hátíða er í höndum lögreglu.

3.1 Ferill umsókna hjá sýslumanni og skilyrði tækifærisleyfa

Sýslumaður gefur út tækifærisleyfi með og án áfengisveitinga skv. lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 og reglugerð nr. 1277/2016. Um tækifærisleyfi gildir 17. gr. laganna og 30.-37. gr. reglugerðarinnar. Sækja þarf um tækifærisleyfi fyrir einstakar skemmtanir og atburði sem fara fram utan veitinga- og gististaða í atvinnuskyni og kalla á eftirlit og/eða löggæslu. Undir tækifærisleyfi geta fallið útihátíðir, útitónleikar, skóladansleikir og tjaldsamkomur. Einnig þurfa veitinga- og gististaðir að sækja um tækifærisleyfi ef halda á viðburð sem fellur ekki að rekstrarleyfi viðkomandi staðar, t.d. ef veita á áfengi þar sem almennt er ekki leyfi

til áfengisveitinga eða ef lengja á veitingatíma áfengis vegna tiltekins viðburðar. Tækifærisleyfi eru gefin út samkvæmt umsókn.

Tækifærisleyfi er gefið út ef allir lögbundnir umsagnaraðilar hafa gefið jákvæða umsögn, þ.e. lögregla, heilbrigðiseftirlit, sveitarstjórn og brunavarnir. Umsagnir eru bindandi fyrir sýslumann. Berist umsagnir hins vegar ekki innan þess frests sem sýslumaður veitir er heimilt að gefa leyfið út án umsagnar.

Tækifærisleyfi eru gefin út með leyfisbréfi þar sem fram kemur:

1. Tegund leyfis, þ.e. með eða án tækifærisveitinga.
2. Tilefni viðburðar, ábyrgðarmaður, tímasetning og staðsetning.
3. Hámarksfjöldi gesta.
4. Fjöldi gæslumanna.
5. Önnur skilyrði sem umsagnaraðilar hafa sett eða sýslumaður metur að setja skuli á grundvelli laganna.
 - a. T.d. um hljóðvist, notkun tóbaks og meðferð áfengis eða búnað gæslumanna.
6. Upplýsingar um að leyfishafa sé skylt að hlíta þeim ákvæðum, er koma fram í lögum, lögreglusamþykktum og öðrum stjórnvaldsreglum um skemmtanahald, svo og þeim fyrirmælum öðrum er lögreglustjóri setur á grundvelli slíkra heimilda sbr. reglugerð nr. 1277/2016.

Sýslumaður getur bundið tækifærisleyfi þeim skilyrðum sem fram koma í 1.-5. tl. 5. mgr. 17. gr. laganna.

- 1. að sá sem fyrir skemmtun stendur geri fullnægjandi ráðstafanir til að halda uppi reglu, öryggi og velsæmi,*
- 2. að eigi annist aðrir dyravörslu en lögreglustjóri samþykkir,*
- 3. að lögreglumenn eða öryggisvakt slökkviliðs verði á skemmtuninni,*
- 4. að sá sem fyrir skemmtun stendur greiði kostnað af ráðstöfunum sem lögreglustjóri eða slökkviliðsstjóri ákveður í samráði við umsækjanda,*
- 5. öðrum þeim skilyrðum sem nauðsyn ber til, svo sem um aldur og fjölda gesta og slit skemmtunar.*

Skilyrðin sbr. 5. tl. hér að framan eru yfirleitt sett á grundvelli umsagna frá lögbundnum umsagnaraðilum, sýslumaður er þó leyfisveitandi og sá aðili sem setur skilyrðin og gætir þess að skilyrði rúmist innan ramma laganna. Þá ber viðburðahöldurum að fara eftir öllum þeim lögum sem

í landinu gilda, án þess að það sé sérstaklega tekið fram í leyfisbréfi, t.d. um áfengiskaupaaldur og útivistatíma barna. Ekki er endilega samhengi milli fjölda skilyrða og stærðar hátíðar, heldur er undirbúningur hátíðar og samstarf umsagnaraðila og viðburðahaldara meira heldur en þegar um minni hátíðir er að ræða.

Í 37. gr. reglugerðarinnar er sérstakt ákvæði um útihátíðir sem skal beitt ef gestir fara yfir 1500 manns og fólk gistir á tjaldsvæðum. Skilyrði fyrir útihátíð eru fleiri en fyrir hefðbundnu tækifærisleyfi og þarf viðburðahaldari m.a. að hafa sérstaka móttöku fyrir þolendur kynferðisbrota og sækja daglega samráðsfundi.

3.2 Ferill umsagnabeidna hjá sveitarfélögum

Samkvæmt lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og samnefndri reglugerð skal sveitarstjórn veita umsögn um fyrirhugaðan afgreiðslutíma á hátíðum. Við vinnslu skýrslunnar var óskað eftir upplýsingum frá nokkrum sveitarfélögum um feril umsagnarbeiðna vegna tækifærisleyfa. Upplýsingar bárust frá Árborg, Rangárþingi Ytra og Rangárþingi Eystra. Svör sveitarfélagana voru stutt og bera með sér að um sé að ræða einfaldan verkferil þar sem bæjarstarfsmanni er falið að veita umsögn fyrir hönd sveitarfélagsins. Ef engin fyrirstaða er á veitingu leyfisins er gefin jákvæð umsögn um leyfin. Ef um stærri hátíðir er að ræða eru umsagnarbeiðnir lagðar fyrir sveitarstjórn eða byggðaráð.

3.3 Úttekt á dagskrá helstu útihátíða á Suðurlandi

Þegar rýnt er í dagskrár og auglýsingar fjölskylduhátíða á Suðurlandi má greina ákveðið mynstur í dagskrágerð og viðburðahaldi.

Úttekt á dagskrá helstu útihátíða á Suðurlandi

Hátíð	Viðburðir	Tímasetningar	Aldurstakmörk	Áfengi	Athugasemdir
Kjötsúpuhátiðin	Silent disco, tónleikar, ball	Fim-lau (20:00-02:00)	Ball: 18+ (lau)	Já	Engin aldursmörk auglýst á fös
Kóttlettan	Tónleikar, barnadagskrá	Fös-lau (21:00-03:30)	18+	Já	Svæði opnar kl. 21:00
Blómstrandi dagar	Fjölskylduball, pub quiz, tónleikar	Fös-lau (20:00-23:15+)	Óskýrt	Óljóst	Tívoli ekki hluti dagskrár
Hamingjan við hafið	Fjölskyldutónleikar og ball	Fös-lau (20:00-00:00+)	Lau: 18+	Já	Áfengissala ekki alltaf kynnt
Humarhátíðin	Tónleikar og kvöldskemmtanir	Fös-lau (21:00-00:00+)	Óskýrt	Já	Stórdansleikur, miðasala
Sumar á Selfossi	Sundlaugarpartý, stórtónleikar, ball	Fös-lau (21:00-02:00)	13-18 á partý	Óljóst	Aldurstakmörk ekki auglýst á balli
Jónsmessuhátíð	Samsöngur, brenna, ball	Lau (19:30-kvöld)	Ball: 20+	Já	Miðasala á balli
Allt í blóma	Markaður, tónleikar, dansleikur	Kvöld (20:00-22:45+)	Dansleikur: 18+	Já	Fritt inn á viðburði
Þjóðhátíð í Eyjum	Kvöldtónleikar, fjölskyldudagskrá	Verstunarmannahelgi	18+ / með forsjáðlila	Já	Greiðslukerfi samþykkt ekki undir 18
Flúðir um versló	Tónleikar, trúbador, ball	Fös-sun (kvöld)	Óskýrt	Já	Flestir viðburðir með miðasölu

Yfir daginn er jafnan boðið upp á fjölskylduvæna viðburði, svo sem leiktæki, skemmtiatriði fyrir börn og fjölskyldur, en á kvöldin eru

gjarnan tónleikar og aðrir viðburðir. Í flestum tilvikum eru einnig haldnir kvöldviðburðir sem ætlaðir eru fullorðnum og þar er yfirleitt tekið fram að aldurstakmark sé 18 ár. Athygli vakti þó að aldurstakmark var oft ekki áberandi í auglýsingum eða dagskrám og í sumum tilvikum var það ekki tilgreint. Jafnframt er áfengissala oft leyfð á viðburðum þar sem miðað er við 18 ára aldurstakmark, þrátt fyrir að kaup á áfengi séu óheimil einstaklingum yngri en 20 ára. Því er mikilvægt að gæslu og eftirliti með áfengissölu sé sinnt og tryggt að áfengi sé ekki selt til einstaklinga undir 20 ára aldri. Á sumum minni hátíðum er aðgangur að kvöldviðburðum fyrir fullorðna ókeypis, sem getur gert aðgreiningu þátttakenda eftir aldri erfiðari.

4. Umsagnaraðilar

Samhljómur var í svörum umsagnaraðila um þróun hátíða á undanförunum árum, sérstaklega er varðar öryggi, gæslu, aldurstakmarkanir, forvarnir og samstarf. Flestir umsagnaraðilar nefndu gott samstarf aðila kringum hátíðir á Selfossi. Síðustu ár hefur fjölskyldusvið Árborgar lagt mikla áherslu á að efla viðbragð og forvarnir í kringum Kótelettuna og Sumar á Selfossi með það að markmiði að efla öryggi ungmenna á svæðinu. Börn allt frá 14 ára aldri voru farin að sækja stíft í að taka þátt í tónleikahöldunum sem eru eingöngu fyrir sjálfráða einstaklinga. Vegna reynslu fyrri ára ákvað sveitarfélagið að hafa starfsmann á hátíðunum á Selfossi. Til að byrja með var þetta einn starfsmaður velferðarþjónustu og annar frá frístundarþjónustu en fljótt kom í ljós að fjölga þyrfti starfsfólki vegna fjölda atvika sem komu upp. Verklagið var uppfært árið á eftir og meiri undirbúningur átti sér stað, þar á meðal samráðsfundir fyrir sumarið. Í dag starfar þverfaglegt teymi sem kemur að undirbúningi ár hvert.

Eftir að mannaflí var aukinn og meiri áhersla lögð á góðan undirbúning og samtal á milli viðbragðsaðila gekk vettvangsstarfið árið 2025 betur fyrir sig og ungmennin leituðu mikið til starfsmanna. Reynsla fjölskyldusviðs Árborgar sýnir að góður undirbúningur og þverfaglegt samstarf eru lykilforsendur fyrir öruggri framkvæmd stórra viðburða. Slík nálgun eykur öryggi ungmenna og dregur úr líkum á að ólöggráða einstaklingar komist ólöglega inn á hátíðir.

Viðburðahaldari segir að þátttaka ungmenna (15–18 ára) á kvöldviðburðum hafi minnkað og að auðveldara sé að framfylgja aldurstakmörkum eftir að formlegt samstarf við viðbragðsaðila og fjölskyldusviðs hófst. Þróunin sé jákvæð, með skýrara verklagi og betra skipulagi, líkt og sjá megi á Kótelettunni. Helstu áskoranir snúa þó enn að mönnum og framkvæmd gæslu.

Í umsögnum kemur fram að skýr verkaskipting, virkar samskiptaleiðir, svo sem talstöðvasamskipti milli starfsmanna, sýnilegt starfsfólk félagsmiðstöðva og viðeigandi aðstaða fyrir þá sem þurfa á aðstoð að halda stuðli að skilvirkari viðbrögðum. Jafnframt er bent á að engin ein aðgerð tryggji að fullu að ungmenni komist ekki í áfengi, en notkun armbanda og skilríkjaeftirlit geti dregið úr aðgengi þeirra. Þá er samhljómur í umsögnum um að hærra aldursviðmið, svo sem 20 ár, geti í ákveðnum tilvikum einfaldað framkvæmd og minnkað líkur á að ungmenni fái aðgang að áfengi.

Umsagnir ungmenna sýna að skortur er á viðburðum fyrir 14 -18 ára. Sérstök dagskrá og rými fyrir þennan hóp gæti dregið úr dreifingu

ungmenna, bætt aðgengi að aðstoð og minnkað ásókn á áfengistengda viðburði. Þá er lögð áhersla á samræmdar forvarnir og markviss foreldrasamskipti.

5. Reynsla annarra sveitarfélaga

Við gerð skýrslunnar var einnig talið mikilvægt að horfa til reynslu annarra sveitarfélaga sem hafa farið í sambærilega greiningarvinnu. Slík samanburðarnálgun gerir kleift að draga lærdóm af aðgerðum sem reyndar hafa verið annars staðar og styður við mat á því hvaða úrræði og áherslur geti nýst við áframhaldandi þróun forvarna á svæðinu. Í þessu samhengi var meðal annars litið til reynslu Akraness og Mosfellsbæjar. Í báðum tilvikum kom fram að hátíðir, sem upphaflega voru hugsaðar sem fjölskylduhátíðir, höfðu með tímanum þróast í átt að aukinni áfengisneyslu, meiri aðkomu ungmenna, bæði innan og utan viðkomandi sveitarfélaga, og auknu álagi á viðbragðsaðila. Jafnframt sýnir reynsla sveitarfélaganna að aukning gæslu og mannafla ein og sér skilar ekki tilætluðum árangri til lengri tíma.

Á Akranesi var því lögð áhersla á heildstæða greiningu áhættuþátta og samþættingu forvarna inn í skipulag og framkvæmd hátíðarinnar, meðal annars með skýrari og hærri aldursviðmiðum, eflingu útivaktar og barnaverndar, aukinni fræðslu og forvarnarskilaboðum til foreldra og breytingum á dagskrá til að styrkja fjölskylduvænt yfirbragð. Í Mosfellsbæ var farið í markvissa áherslubreytingu þar sem dagskrá var endurskipulögð með aukinni áherslu á dagsviðburði fyrir fjölskyldur og börn, aðskilnað á fjölskylduviðburðum og tónleikum og tilfærslu tónleika. Þessar breytingar drógu úr áfengisneyslu ungmenna, áfengisneyslu foreldra með börn og drógu úr aðkomu ungmenna utan sveitarfélags.

Vinna spretthóps Öruggara Suðurlands fólst í heildstæðri greiningu á hátíðum á öllu starfssvæðinu og er því frábrugðin vinnu einstaka sveitarfélaga, svo sem Akraness og Mosfellsbæjar, þar sem áhersla var lögð á afmarkaðar hátíðir. Við yfirferð umsagna sem spretthópurinn aflaði kemur þó fram að nokkur samhljómur er um helstu áskoranir á svæðinu, í samanburði við önnur sveitarfélög s.s. Akranes og Mosfellsbæ.

6. Niðurstöður og tillögur

Greining á úti- og bæjarhátíðum á Suðurlandi sýnir að hátíðir gegna mikilvægu samfélagslegu hlutverki og eru almennt fjölskylduvænar yfir daginn en kvöldviðburðir oft miðaðir að fullorðnum, einkum vegna áfengissölu. Þetta skapar ákveðna spennu milli markhópa og eykur áskoranir í tengslum við öryggi barna og ungmenna.

Jafnframt bendir greining til misræmis í skipulagi, upplýsingagjöf og framkvæmd milli hátíða, sérstaklega hvað varðar aldurstakmörk og aðgangsstýringu. Þá er ljóst að ungmenni á aldrinum 14–18 ára falla að hluta utan skipulags hátíða, sem getur aukið líkur á að þau leiti í aðstæður þar sem áfengi er til staðar.

6.1 Samstarf og verkaskipting

Framkvæmd og umfang samstarfs milli lykilaðila, svo sem barnaverndarþjónustu, félagsmiðstöðva, velferðarþjónustu, viðburðahaldara og lögreglu, er mismunandi eftir sveitarfélögum. Reynslan af markvissu og skipulögðu samstarfi, meðal annars í Árborg, Akranesi og Mosfellsbæ, sýnir að slík nálgun stuðlar að betri yfirsýn yfir stöðu og áhættuþætti, skýrari verkaskiptingu og auknum sýnileika þeirra aðila sem sinna forvarna- og stuðningsstarfi.

Til að ná fram slíkum árangri er mikilvægt að sveitarfélög tryggja formlegan samráðsvettvang og skilgreini ábyrgð aðila með skýrum hætti. Viðburðahaldarar bera ábyrgð á framkvæmd og aðgengi að viðburðum, en sveitarfélög og viðbragðsaðilar þurfa að tryggja að til staðar séu viðeigandi úrræði, verklag og mannaflí.

Umsagnir benda jafnframt til þess að þar sem slíkt samstarf er ekki fyrir hendi geti borist færri tilkynningar til barnaverndar. Það endurspeglar þó ekki endilega færri atvik, heldur fremur takmarkaðra utanumhald og minni aðkomu viðeigandi aðila þegar þörf er á íhlutun eða stuðningi.

6.2 Aldurstakmörk og aðgengi að áfengi

Engin ein aðgerð kemur alfarið í veg fyrir að ungmenni geti nálgast áfengi á hátíðum. Hins vegar geta markvissar aðgerðir dregið úr áhættu og ásókn ungmenna inn á áfengissvæði, svo sem:

- notkun armbanda og skilríkjaeftirlit við innganga

- skýr aðgreining milli fjölskyldusvæða og áfengissvæða
- samræmd framkvæmd aldurstakmarkana

Spretthópurinn leggur áherslu á að skoða samræmingu aldurstakmarka á kvöldviðburðum þar sem áfengi er selt, með það að markmiði að einfalda framkvæmd og auka öryggi. Í því samhengi getur verið tilefni til að horfa til hærra aldursviðmiðs, svo sem 20 ára, sérstaklega á stærri viðburðum þar sem ásókn ungmenna er mikil og álag á viðbragðsaðila verulegt.

Slík afmörkun getur dregið úr álagi á viðbragðsaðila og þörf fyrir umfangsmikla gæslu. Reynslan sýnir að aukin mönnun ein og sér skilar ekki betri langtímaárangri og getur verið kostnaðarsöm. Því getur skýrara skipulag og, eftir atvikum, hærra aldursviðmið dregið úr þörf fyrir aukinn mannafla og tilheyrandi kostnað.

6.3 Fjölskylduvæn nálgun og viðburðir fyrir ungmenni (14–18 ára)

Í umsögnum kemur fram að skýr áhersla á fjölskylduvænt yfirbragð úti- og bæjarhátíða hafi verulegt forvarnargildi. Skortur á skipulagðri dagskrá fyrir ungmenni á aldrinum 14 til 18 ára getur hins vegar aukið líkur á að þau leiti í umhverfi þar sem áfengi er til staðar.

Til að bregðast við því er mikilvægt að sveitarfélög og viðburðahaldarar þrói markvissa dagskrá og tryggi viðeigandi aðstöðu og umgjörð fyrir þennan aldurshóp. Dæmi um slíkt:

- skipulagðir íþrótta- og hreyfiviðburðir
- tónlistar- og félagsviðburðir án áfengis
- kvöldviðburðir í samstarfi við félagsmiðstöðvar
- aðgengileg samverurými með aðkomu fagfólks

Reynslan sýnir að dagskrárgerð sem leggur áherslu á samveru og þátttöku án áfengis stuðlar að öruggara og heilsueflandi umhverfi fyrir börn og ungmenni.

6.4 Hlutverk foreldra og samskipti

Foreldrar eru lykilaðilar í því að móta upplifun barna og ungmenna á hátíðum. Áfengisneysla foreldra getur haft bein áhrif á öryggi barna og andrúmsloft viðburða.

Forvarnir þurfa því einnig að beinast að foreldrum og öðrum fullorðnum. Mikilvægt er að:

- miðla skýrum forvarnarskilaboðum fyrir og á meðan hátíð stendur
- styðja foreldra í ábyrgri þátttöku
- veita skýrar upplýsingar um aldurstakmörk og áherslur hátíða

Sveitarfélög og viðburðahaldarar geta nýtt dagskrár og kynningarefni sem markvissan vettvang til að koma slíkum skilaboðum á framfæri.

7. Umræður og niðurlag

Eins og fram hefur komið er að mörgu að hyggja þegar úti- og bæjarhátíðir eru annars vegar. Niðurstöður skýrslunnar sýna að sterk undirstaða er fyrir hendi hvað varðar framkvæmd úti- og bæjarhátíða á Suðurlandi, sérstaklega þar sem byggt er á markvissu samstarfi og skýru verklagi. Slík nálgun hefur sýnt að hún eykur öryggi, styrkir viðbrögð og bætir upplifun gesta.

Helstu áskoranir snúa að skorti á samræmi milli viðburða/hátíða, óskýrri upplýsingagjöf og takmörkuðu framboði fyrir ungmenni. Þá getur misræmi í aldurstakmörkum og framkvæmd áfengiseftirlits aukið áhættu og kallað á aukið álag á viðbragðsaðila.

Á sama tíma felast tækifæri í aukinni samhæfingu, skýrari viðmiðum og markvissari forvörnum. Sérstaklega er mikilvægt að tryggja að ungmenni hafi raunhæfa og örugga valkosti innan hátíða og að ábyrgð aðila sé skýr bæði í undirbúningi og framkvæmd.

Í heild sinni bendir greiningin til þess að með aukinni samhæfingu og skýrari viðmiðum sé unnt að efla öryggi og bæta upplifun gesta á úti- og bæjarhátíðum á Suðurlandi. Til að ná þeim árangri er mikilvægt að byggja á þeirri reynslu sem þegar hefur gefið góða raun og þróa sameiginlega og trausta nálgun til framtíðar.

Rétt er að taka fram að úti- og bæjarhátíðir á svæðinu eru fjölbreyttar að umfangi og eðli. Tillögur spretthópsins eru því settar fram sem viðmið og ábendingar sem viðburðahaldarar og sveitarfélög geta stuðst við eftir stærð, aðstæðum og þörfum hverju sinni.

Helstu tillögur spretthópsins

- Horfa til samræmingar aldurstakmarka á kvöldviðburðum þar sem áfengi er selt, t.d. með viðmiði um 20 ár, sérstaklega á stærri viðburðum með mikilli ásókn ungmenna.
- Tryggja skýra og áberandi birtingu aldurstakmarka í dagskrám og kynningarefni
- Samræma verklag um aðgangsstýringu og eftirlit, m.a. með notkun armbanda og skilríkjaeftirliti
- Setja á fót formlegan samráðsvettvang sveitarfélaga, viðburðahaldara og viðbragðsaðila
- Þróa markvissa og áfengislausu dagskrá fyrir ungmenni á aldrinum 14–18 ára

- Efla forvarnir og foreldrasamskipti í aðdraganda og á meðan hátíðum stendur
- Tryggja umsögn Velferðarþjónustu sveitarfélaga vegna tækifærisleyfa úti- og bæjarhátíða sem er gefið út af sýslumanni.

